



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 8. febrúar 14 :00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis og náttúruverndarnefndar 8. desember 2010.

Samþykkt samhljóða.

2. Flutningur hreindýra til Vestfjarða, erindi frá Eiríki Kristjánssyni dagsett 10. janúar 2011. Vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 13. janúar 2011.

Nefndin fór yfir erindið og fagnar hugmyndum um atvinnuskapandi möguleika í Reykhólahreppi og á Vestfjörðum öllum. Til að flutningur hreindýra á milli landshluta geti komið til þurfa að koma til lagabreytingar og samþykkt landeigenda á landsvæðinu. Nefndin telur að hvort tveggja sé ansi langsótt. Erindi frá Vesturbyggð sama efnis er nú þegar hjá Umhverfisstofnun og er vert að biða niðurstöðu þess.

3. Upplýsingar um ástand friðlýstra svæða í Reykhólahreppi, erindi frá Umhverfisstofnun.

Nefndin fór yfir erindið og mun skila skýrslu til Umhverfisstofnunar. Engar framkvæmdir hafa verið innan svæðanna á liðnu ári.

4. Úttekt á lögum um vernd Breiðafjarðar, erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 13. janúar 2011

Sveitarfélögin um Breiðafjörð hafa tekið sig saman um að skila inn sameiginlegri umsögn vegna málsins. Nefndin vill koma því á framfæri að Reykhólahreppur á mikið undir varðandi nýtingu auðlinda í Breiðafirði. Bæði hvað varða þara og önnur hlunnindi. Mikilvægt er að sveitarfélagið og þau sveitarfélög sem er við Breiðafjörð hafi möguleika á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Nýting og verndum verður að fara saman.

5. Refa og minkaveiðar í sveitarfélaginu árið 2011.

Ekki er gert ráð fyrir að um endurgreiðslur verði að ræða frá ríkinu í ár vegna minka og refaveiða. Nefndin telur þó málaflokkinn mjög mikilvægan í sveitarfélaginu hvað varðar fuglalíf og nytjar og leggur til við hreppsnefnd að sama form verði á minka og

refaveiðum í ár og í fyrra. Að samningar verði framlengdir við aðila og greitt verði eftir viðmiðunartaxta Ust til aðila utan samninga.

6. Samstarf um sorphirðu.

Nefndin hefur farið í heimsókn til Sorpsamlags Strandasýslu og fengið til sín fulltrúa frá Gámapjónustu Vesturlands. Verið er að skoða möguleika hreppsins til endurvinnslu.

7. Staðardagská 21.

Nefndin hefur fengið boð frá UMÍS um kynningu á vinnslu staðardagskrár. Sveitarstjóra falið að koma á fundi.

Önnur mál.

8. Rotþrær í Reykhólahreppi.

Formaður fór yfir það að rotþrær sveitarfélagsins hafi ekki verið hreinsaðar. Seyrulosunarstað vantar í sveitarfélagið. Gústaf Jökull Ólafsson tekur að sér að athuga með möguleika á seyrulosunarstað fyrir sveitarfélagið.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:30

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |